



# CÍMI

23. tölublað — Sunnudagur 28. janúar — 57. árgangur

HOTEL LOFTLEIÐIR



„Hótel Loftleidir byður gestum sínum að velja á milli 217 herbergja með 434 rúmum — en gestum standa líka þáður til boda. Allur bónaður miðast við strangar kröfur vandlæra. LOFTLEIDAGESTUM LIDUR VEL.



Loftmynd af gosinu I Eyjum. A uppdrættinum er sýnt lauslega með strikalinu hve langthraun er runnið fram í sjó.

Tímamynnd. Róbert.

## 70-80 HÚS TALIN KOMIN Á KAF

Allt var við hið sama á gosstöðvunum, þegar við vöknudum á laugardagsmorguninn, sagði Kári Jónasson, blaðamáður Þímanns, í símtali frá Vestmannaeyjum, í nött kvíknabi í einu húsi til viðbótar í austurbænum, við Gerðisbrauð eða þar í grennd, en á füstugagskvöldið var talib, að tuttugu hús væru brunnin, þótt með viti ekki nákvæmlega tölu þeirra. Aftr á móti munu sjötu til áttatu hús komin á kaf eda svo til alveg á kaf í vikur, gjall og ösku.

Björn Helgason löggreglubjónn í upplýsingamistöðinni í Eyjum kvad gjallagild á götunum í mibænum vera 110 sentimetrar á þykkt, og höldu fimm sentimetrar bætzt við á laugardagsmáttina. Einn Vestmannaeynganna, sem eru í hjálparsveitunum í Eyjum, Magnús Magnússon, sagði á ellefta timanum á laugardagsmorgun, að vindátt hefði breytzt og legði mökkinn yfir neðri hluta bæjarins, og væri litil öskufall uppi hjá Landakirkju og ekkert uppi á flugvellinum. Atti þá að

fara að leyfa þeim flugvélum lendingu, er væru með fólk, er hefðu naudsynjaerindum gegna.

— Það er mikil gjallhrif hér nibur frá, sagði Kári Jónasson laust fyrir hádegild. Það bylur á húsbökum og rúbum og hjálnum um á höflum manna, og annað veifil koma glóandi steinar fliugandi. Mórk leggur norðvestur frá gígnum, því að átt er suðaustlæg, og þess vegna er það vesturbærinn og höfnin, sem mest berst á. Innsiglingin milli hrauntangans

nýja og Yztakletts var mæld í morgun, og kom á daginn, að hún hefur grynnkað talsvert. Likur eru til þess, að gosefni hylji nú vatnsleiðsluna, en það mun sandur og gjallmulningur, sem lagt hefur yfir hana. Nákvæm meiling hefur eining verið gerð á hrauni því, sem runnið hefur í sjó fram. Nær það orðið um níu hundruð metra til nordurs frá þeim stáð, þar sem Urðaviti var áður og viðlikla langt til sudurs, og það er komið níu hundruð metra í sjó fram í stefnu til norðausturs frá

þeim stáð, þar sem Urðaviti var. Herjólfur og Hekla fóru til Þorlákshafnar í nött og munu þau skip væntamleg aftur til dag. Irafoss er hér, og eithvaða um tlu Eyjabátar eru í stöðugum búslóðarflutningum milli Eyja og lands. Arvakur blöður þessi alþóttum að flytja alla burt, en skjótt þarf til að taka. Annars veldur það vélgaðzum önnum talsverðum erfiðileikum, að gosaska til sandur smygur um allt, hvernig sem reynt er að byrgja vélarrúm. Framhald að bls 39

# Ólafur Jóhann hlaut silfurhestinn fyrir Hreiðrið

Silfurhestinum, álegum bokmenntaverðlaunum dagblaðanna í Reykjavík var úthluðað í gær, og hlaut þau að þessu sinni Ólafur Johann Sigurðsson fyrir skáldsöguna Hreiðrið, sem út kom á árinu 1972.

Silfurhesturinn er veittur fyrir „beztu bók ársins“ og úr skorð með þeim hætti, að bockenrit með grannryndur dagblaðanna greiða um það atkvæði. Nefnir hver um sig brjár bækur á seðli, og hlýtur su fyrra 100 stig, önnur 75 stig og sú þriðja 50 stig. Ekki má nefna nema eina höfund á hverjum atkvæðaseðli, þótt fleiri en ein bók eftir hann hafi komið út á árinu. Fái höfundur hins vegar fleiri stig samanlagt fyrir fleiri en eina bók, skal kosið astur um þær brjár bækur, sem stigahæstar eru. Úrsliði atkvæðagreiðslu nū urðu þessi:

Vésteinn Lúðviksson 300 stig fyrir skáldsöguna Gunnar og Kjartan, Ólafur Jóh. Sigurðsson 200 stig fyrir skáldsöguna Hreiðrið og 175 stig fyrir ljóðabókina að Laufferjum. Matthias Johannesen 150 stig fyrir ljóðabókina Mörg eru dags augu, Þorsteinn frá Hamri 125 stig fyrir ljóðabókina Veðrahjálm, Halldór Laxness 75 stig fyrir Guðsgjafapulu, Grétu Sigfusdóttir 50 stig fyrir skáldsöguna. Fyrir opnum tjöldum, og Þór Vilhjálmsson 50 stig fyrir Foldu.

Par sem Ol. Jóh. Sigurðsson hafði hæsta stigatölu fyrir bækur samanlagt, en Vésteinn Lúðviksson hæsta fyrir einstaka bók, varð að greiða atkvæði astur og þá um þær brjár bækur, sem hæstar voru. Fór sú atkvæðagreiðsla þannig:


Hreiðrið (Ol. Jóh.) 450  
Gunnar og Kjartan (Vest. L.) 350  
Að Laufferjum (Ol. Jóh.) 325

Silfurhesturinn er gerður af Jóhannesi Jóhannessyni, listmálarar, og er gripurinn sérmtað listaverk hverju sinni. Þeir, sem greiddu atkvæði um bækurnar af hálfu dagblaðanna voru: Andrés Kristjánsson fyrir Timann, Arni Bergmann fyrir Þjóðviljann, Helgi Sæmundsson fyrir Alþýðublaðið, Jóhann Hálmarsson fyrir Morgunblaðið og Ólafur Jónsson fyrir Visti.

Afhending silfurhestsins fór fram síðdegis á laugardaginn að Hótel Sígu, og hafði Helgi Sæmundsson orð fyrir nefndarmónnum.



Ólafur Jóhann Sigurðsson.



Verið að hfsa upp einn af tæpum nifutu bílum úr Heklu í Þorlákshöfn á föstudagskvöld.

## BEIN LÍNA

### Vestmannaeyjar - Þorlákshöfn

— fylgzt með flutningum á bílum og búslóð á föstudag

ED—Akureyri  
A fundi bæjaráðs Akureyrar, 25. janúar var gerð eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð Akureyrar sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og Vestmannaeyingum óllum einlægar kveðjur sínar vegna náttúruhamfara þeirra, sem duníð hafa fyrir Vestmannaeyjar, og lýsir því yfir, að bæjarstjórn Akureyrar er reiðubúin að veita Vestmannaeyingum aðstöð og fyrigréðslu, svo sem unnt er. Bæjarráð hefur skipað nefnd sem kanna skal hvert framlag Akureyrar getur bezt orðið til stuðnings, og hefur nefndin með höndum útvegen húsneðis, atvinnu og aðra fyrigréðslu fyrir fjölskyldur og einstaklinga frá Vestmannaeyjum, sem kynnu að vilja dveljast á Akureyri, þar til

úr rætist i þeirra heimabyggð.“

Bæjarráð hefur eining skipað nefnd, en formábur hennar er Hermann Sigtryggsson. Hún opnar í dag, laugardagskrifstofu í Hafnarstræti 107 og hefur síma 21202 og 21601.

Síðdegis á föstudaginn s.l., í frostbitri veðri, heiloskýru og kyrru, lögðum við leid okkar austur á Þorlákshöfn, í því skyni að fylgjast með búslóðar- og bilflutningum úr himni nýju eldey, Heimaey. Eins og flestum mun kunnugi, yfirgáfu Vestmannaeyingar eyna hina örlogarliktíðjudagsnótt 23. janúar nánast alíslausir, að vísu í fótum sinum og með eitthvað af helztu nauðsynum, peningum (þeir foljsjálustu), hreinlæstækjum og eitthvað af rúmfatnabi. Um meira var vart að ræða. Skiljan-

lega vanhagaði eyflottamennina um ýmsa hluti. En annað kom til, og það ekki veigaminna; mikil hæta blasti og blasir við eigum Eyjamanna, húsum, bílum, búslóð og óðru.

Við komum austur um þrjúleytið, og skómnu síðar lagði að bryggju vélbátur hláðinn farangri og fólk. Þegar var kominn allstórt hópur fólks til Þorlákshafnar.

Sunir komu gagnert til að taka á móti farangri og bílum, en aðrir bíbu fars til eyja. Ær að leið daginn óx fólkfjöldinn og bilgráinn, svo að undir kvöld var hafnarvæðið líkast markaðstorgi. A bílfari bátsins stóðu fimm fólkssíllar, dökkit að ofan af allþykku öskulagi, — ábreifanlegu tákni „landkröbbunum“ um ómrleikann í Eyjum. Þeir voru hfsuðir opp í skyndi og færðir frá.

## Þetta er mynstrið



á hinum  
frábæru

**Barum**  
torfæruhjólbörðum  
fyrir Dodge Weapon bifreiðar

Stærð 900—16/10 á gamla góða verðinu kr. 7430,00

**ŠKODA BÚÐIN**

AUDBREKKU 44—46, KOPAVOGI — SÍMI 42606

**NÝ  
BARDI**

GARDAHREPPU SÍMI 50606

(áður Hjólbardaverkstæði  
Gardahrepps  
Sunnan við lakkinn, gegnt  
benzinstöð BP)

TÉKKNESKA BIFREIDAUMBODID Á ÍSLANDI H.F.



Þorsteinn Viglundsson var með fírn af pokum, kössum og ferðatökum, sem höfðu að geyma muni dr byggðasafninu og heimili hans í Eyjum, sem var um það bil að brenna.

(Timamýndir: G.E.)

Oll störf hér einkenndust af miklum hraða og samstillingu. Hlutirnir gengu mann frá manni, hönd úr hönd, og höfnubu loks í sendibilum, vörðu- og fólkibilum á bryggjunni. Óhugur var greinilega mikill i fólkini. Það mælti fátt, en gekk ótullega ab verki. Það horfði á hýbla skrau sitt og heimilisgögn hláðast upp á bryggjunni, hvad innan um annað — dýrndis bordlampa, skenki-bord, speglar og úttröðna plaspoka og ferbatökur.

A stefni bátsins voru einir tlu isskápar vandlega bundnir. Þetta var dýr farmur, en skiptjörinn hafði að sögn pegas farið margar ferdir upp á eigin spýtur og vafalaust bjargad tugmilljóna verðmætu. Síðar um daginn gengum við fram á annan bát, nykominn að bryggju, hláðinn húsgónumog fleiru. Pessir bátar og fleiri hafa flutt farangur beint eftir óskum Vestmannaeyinga sjálfrá og ekki verið háðir reglum Almannavarna.

Hekla og Herjólfur lögðust að bryggju með stuttu millibili um hálfssex-leyti, fullskipuð fólk, bílum og farangri. Í Herjólfí komu um 60 manns, sem ýmist höfðu farið til Eyja til að sakja dót eða höfðu dvalið par. Um bord voru 8 bílar og heil firn af farangri í plastpokum og ferbatökum. Menn voru önnum kafnir við uppskipunina og leitina að föggum sínu. Við reyndum að ná tali af fólk í þónum á bryggjuni, þar sem vart sást í auðan blött fyrir öllum manngránum, bílum og dót. Allir létu fuslega tilleidast að segja nokkrur orð. Þótt þeir hefðu í öðru og ögn mikilvægara að smúast, en a sinna forvitnum blaðasnapum, taldi enginn silkt eftir ser.

Augljoslega var geb allra dap-ur. En enginn léti samt að pvi bera. Hér var verk að vinna, her voru lifshagsmuniti heils kaupstaðar í veði, já, raunar allar ar hjóðarinnar.

Svartsýni á framtíðina, virtist mikil hjá Eyjabúum, er þar voru, einkum meðal eldra folks-ins.

„Svartsýnn? Hvernig er hægt að vera annað en svartsýnn, pegas maður horfir upp a byggó sem maður hefur unnað og dvalið alla sina ævi í leggjast undir ósku grjót og helvitiseild. Eg hefði alreið trúab þessu. Eg er að koma beini að heiman sva að eg veit, hvað ég er að segja. Húsin eru að bremma, maður! Þau eru að bremma!“ Þetta sagði gamall maður. Östyrkur var hann og svoltið hranalegur, en eldur brann í gömlum augum.

Menn voru ekki allir eins ánaðgi-ir með fréttalutning af ástandinu í Vestmannaeyjum og sögbu, að ósku- og vikurþykktin í þánum veri miklu meir, en fram hefði komið. Nokkrir urðu einnig til að gangrýna skipulagninguna á lutningum á bílum og búslöð. Sögu peir, að farangurinn í skipum véri i mórgum tilfellum meira og minna skemmdur vegna þrengsls og ofullnagjandi um-búnaðar. Töldu sumir, að réttara hefði verið að flutningavél hjá Varnarliðinu til að annast þetta eða þýrlu, sem flutt hefði dottið í gánum yfir í rúmgott skip uti fyrir. Æn allir voru mjög þakklátr fyrir velheppnana og skipulagða björgun fólkins og alla fyrirgreiðslu.

Hekla flutti alveg það sama og Herjólfur, en að sjálfsgöð miklu meira magn. Um bord voru 87 bílar og a annað hundradar farbargar. Ysinn og bysinn a þeirri bryggju var geysilegur. Meðal farpega var Þorsteinn Þ. Viglundsson, sem farið hafði til Eyja um morgunin til að bjarga gripum úr byggðasafni og húsi sínu, sem kann kvað vera að pvi komið að brenna. Kom hann með marga pinkla, en miklu þ.á.m. málverkum, hafði hann komið fyrir um bord i Arvakri í Vestmannaeyjahöfn og i spari-sjóshusinu í þánum.

Er við lögðum af stað til Reykjavíkur um sjó-leytið á föstudagskvöld, var enn verið að aferma skipin. Bæði fóru aftur til Eyja um kvöldið með fólk til að sakja farangur og bíla.

I Vestmannaeyjahöfn var verið að ferma Dettifoss og fleiri skip vœtanleg.

Leiðin í bænn var vörðuð óteljandi billjósum.



Svipmynd af manngránum á bryggjunni í Þorlákshöfn á föstudagskvöld s.l., og þó ekki nema hluta hans.



Menn báru sig vel í öllu umstanginu og létu jafnvel gamanyrði fjúka þótt eflaus brynni flesum sárt að horfa upp á þetta tákni ógæfu sinnar.



Dýrmætur farmur um bord i Heklu, — V 477, V 821, V 421 o.s. frv. Alls 87 bílar.

(Timamyndir- G.E.)

# Menn og málefni

**Snúum bökum saman við lausn mikilla vandamála**

## Vestmannaeyjar í eyði

Náttúruhamfarirnar, sem hófust að fararnott þriðjudags í Vestmannaeyjum, eru einhverjar hinrar vælegustu í Islandssögunni. Starsta verstið landsins, blómleg byggð, sem var heimkynni á sjóttu þusund Íslendinga, hefur nú lagzt í eyði. Áð visi hafa gög hérúð lagzt í eyði ábur á Íslandi en aldrei byggð með sliku fjölmenni. Þen pött áfalið sé að sjálfsögðar sárasat Vestmannaeyingum sjálflum snertir þá hvern einasta Íslendinga. Eldgosið í Heimaey hefur kipt öflugustu stóðunum undan þeim grundvelli, sem islenzkur þjóðarbúskapur hvíllir a.

## Giftusamleg mannbjörg

En samtíms því, að menn gera sér sem gleggsta grein fyrir hrikalegum afleiðingum þessara náttúruhamfara er skýt að þakka þá miklu giftu, að svo vel skyldi takast til um mannbjörg og rauð varð a.

Almannavarnir sönnuðu vissulega ótvírtar gildi sitt allt morgni 23. janúar. Það var ótrúlegt, hve flutningur tæplega 5 þúsund manna frá Eyjum til lands gekk greiblega, en því réð m.a. sú guðsmildi, að hvorki höfn ne flugvöllur lokubust við eldsumbrotin og að Vestmannaeyingr eru góðum skipatnir búnir.

Óg það kom glöggj í ljós, að Íslendingar eru samhuga, hjálpssöm og förfnus þjóði, sem fann að þetta áfali var mál landsmanna allra og þjóðin samábyrg sem ein heild í bártunnini við reiðinflinn. Þessi skilningur kom m.a. fram í því, að það tókst að koma næf fjórum þúsundum manna fyrir á einkahelimum í Reykjavík og nágrenni á örfaum klukkustundum. Það er eitt út af fyrir sig stórkostlegt afrek, sem hjálpfysi og förnarlund almennings vann. En við björgunarstarfið að hefur verið framrétti hond að mæta hvarvetna og allir boðir og búnir að veita hvers konar aðstofu, stóðuning og hjálp.

Einarstur hefur hlutur flóttafolksins sami verið. Vestmannaeyingar hafa löngum haft orð að sér fyrir að vera harðögulegt og æðralaust fólk, sem ekki er fisiað saman og lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenda. Þeir hafa svo sannarlega synt, að þeir eru enn búnir þeim eiginleikum.

## Gifurlegt tjón

Það er vist, að allir aðilar, sem einhverju fá órök, stjórnvöld, stofnanir, sveitarstjórnir fyrirtaki og almenningur munu leggiast a eitt um að gera allar tiltekkar rásstafanir til að draga sem mest ur því tjóni, sem að þessum náttúruhamförum mun hljóstast. En jafnvel þó flest gangi i hagini í því efni, verður tjónið óhjákvæmilega samt gifurlega mikil fyrir bæjarsjóð Vestmannaeyinga, Vestmannaeyinga alla og fyrirtaki þeirra, en einnig fyrir þjóðarbúið í heildi og þar með hvern einasta þegn hins inslenzka samfélags.

Þjóðarbúið stendur nu frammifyrir tapti a utflutningsverbmætum, sem varla getur numið minna en einum til hálfum öðrum



Sviþmynd úr Vestmannaeyjum, tekin í gær.

— Timamynd: Kári.

milljardí króna á þessu ári fyrir utan það tjón, sem Vestmannaeyingar sjálfrir, bæjarsjóður þeirra og fyrirtæki verða fyrir og engino getur a þessu stigi sagt til um hve mikil fyrir orðið.

Til viðbótar þessum beina fjárhagslega skáða og minnkandi tekjum þjóðarbúsinu koma svo þau miklu útgjöld, sem því eru samfara að búa Vestmannaeyingum viðunandi aðstöðu í landi, atvinnu húsnæði, skólastuðnun barna og aðra félagslega aðstöðu, sem þeim verður að bú og engu má til spara að þeim verbi búi eins skjótt og nokkur kostur er.

Hér verða allir landsmenn að axla byrbarnar sameiginlega.

## Samábyrgðar þjóðarinnar allrar

Er Alþingi kom saman til funda að nýju eftir jölahléið sl. fimmtdag, lagði Eysteinn Jónasson, forseti sameinaðs Alþingis aherzlju a þessa samábyrgð, sem til þyrfti að koma og þjóðin vildi tvímaela-laust sjálf að til dæmi. Um þetta sagði Eysteinn m.a.:

„Byngst kemur þetta niður að því fólk, sem orðið hefur að yfirgefa allt sitt og standur vegalaust uppi, en þjóðinni allri valda þessir atburðin stórfeldum búsiðum. Munu þessar náttúruhamfarir mörgu breyta, afleiðingar reynst þungarbar og hafa áhrif á hag hvers manns í landinu, og það jafnvel þótt betur ræst út en á horfist nái, sem við verðum þó fastlega að vona.

Hjóta þessi atvik illi að hafa mikil áhrif á stórf Alþingis í næstunni, því hér hefur brostið um sinn ein styrkasta stöðin í atvinnulífi landsmanna, svo stórfelt hefur verið framlag Vestmannaeyinga til þjóðarbúsinu.

Læt eg í ljós þá von, að giftusamlega takist að ráða fram ur þeim miklu vandræðum, sem leysa þarf. Mun það aubvelda Alþingi og ríkisstjórn stórfin, að þjóðin vill tvímaela-laust, að samábyrgð allra landsmanna komi til, þegar slikur atburður gerast, og margt mun leysast fyrir hjálpfysi og förnarlund manna, eins og þegar hefur komið fram. Þá mun miklu bjarga framtak, dugnabréf og kjárfur þess fólk, sem hér á hlut að mál, og ikklegast er allra manna til þess að finna færar leiðir úr hverjun vanda.

Það fer ekki a milli málá, að hér á Alþingi munu menn snúa bökum saman við lausn þessara miklu vandræðu, sem fjölmargr einstaklingar og þjóðin í heildi standa nú frammí fyrir.

Skyrist nú enn, að allir eru á

sama báti, en með dugnaði, samhjálp og góðum samtökum mun þjóðinni takast að standast þetta áfall. Efa ég ekki, að Alþingi muni takast að vinna einhuga að málum þessum og þannig mun þjóðin vilja láta að þeim vinna og vilja vinna sjálfi, og hefur þegar sýnt það í verki eins og svo oft áður, þegar vanda hefur borit að höndum.“

## Allir leggi fram sinn skerf

Þetta viðhorf kom strax fram í ávarpi því, sem Olafur Jóhannesson, forsetisráðherra, flutti til þjóðarbáranar að kvöldi þriðjudags. Forsætisráðherra sagði þá, að þa væri skylda samfélagsins að gera allt sem unnt væri til að tryggja stóðu Vestmannaeyinga og þæta þeim tjón þeirra. Þjóðin ól yrði að jafna þessu tjóni að sig. Hér væri um sameiginlegan vanda þjóðarinnar að ráða og til yrði að koma alger samábyrgð þjóðfélagsins alls. Þjóðarhældin yrði að leggja fram verulega fájrænumi í þessu skyndi og kvæðst hann ekki efst um, að allir Íslendingar yrðu fusir til að leggja fram sinn skerf. Þeir hefju sýnt slikan hug þegar minna hefði legið við og það væri steina ríkisstjórnarinnar að þannig yrði staðið að þessu mál og sagðist sannfærður um, að um það viðhorf verður ekki ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Að síðustu vertið var briðungji loðnuafans landað í Vestmannaeyjum og miklar vorin hafa verið bundnar við loðnuafann að þessu ári. Verðr er hátt a loðn og spáð hafið verið mikilli loðnugengi. I Vestmannaeyjum eru tvar stórar verksmiðjur, sem gátu brætt 2 þúsund tonn á sólarrhring og höfðu þróarrymi fyrir 24 þúsund tonn. Vestmannaeyjar liggja best við loðnubúnum. Nú er varlegast að gera ekki ráð fyrir neinni loðnunivinslu í Vestmannaeyjum að þessari vertið.

Þess vegna verður að sigla með aflan langar leiðir af miðunum til vinnslu og það þýr að heldaráflið hlýtur að verða miklu minni en annars hefði orðið. Þótt menn voni enn að gosinu linni og að unnt verði að vinna loðnini í Vestmannaeyjum er skynsamlegt að þa sig undir að svö geti ekki orðið.

Ef gosinu linnti nú á næstunni snögglega gæti orðið hæpið að fagna því um of, því að sér-

og það er hæpin ráðstöfun að setja hundruð milljóna króna verbmæti í viðkvæmum matvalum í meiri eða minni mengunarhættu

## Tekst okkur þetta?

Það verður því að útvega Vestmannaeyjabátum, sem vetrarvertið ætla að stunda viðlegupláss og aðra aðstöðu hér suðvestanlands. Ljóst er að allir peir aðilar, sem einhverju fá þar um ráðið eru boðnir og hafnar að stuðla að því að allan hátt. Nú er t.d. í athugun, hvort unnt sé að stækka Grindavíkurhöfn með stuttum fyrirvara þannig að fleiri bátar gætu athafnað sig þar, og hafnar eru endurbætur að Þorlákshöfn. Kunugusti menn telja og að husanlegt sé að vinna afslan í frystihúsunum suðvestanlands ef unnt yrði að skipeleggja vakavinnu í frystihúsunum, þannig að þau yrðu starfrækt allan sólarhringinn yfir há vertiðina.

En til þess að þa verbi unnt þarf að leysa húsnæðisvandamálið og það þarf að tryggja börnum sem fylgja mædrum sínum til verstöðvanna viðunandi skólagongu. Krafa Keifvillinga um að fyrsta skrefið í þessa átt verði að varnarliðsmenn rími nú þegar þær 200 leiguþubdir, sem þeir hafa til umræða í Keflavík og Njarðvíkum er því fyllilega eblileg og réttmælt og mál verði vist að varnarliðið verði skjótt við þessari beinbóni og flytti sitt fólk upp að flugvöllum.

280 manns munu nú hafa komið sér fyrir í Olfusborgum og það folk má aka í hópferðabilum til og frá vinnu í Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri. Seyðisfjörðingar bjóða Vestmannaeyingum atvinnu og húsnæði verði rættað og til umræða í fjarlægra hafna.

I fyrra var stóra sildarverksmiðjan á Seyðisfjörði t.d. ekki starfrækt en hún getur unnið ur 800 tonnum að solarhiring og ef flutningsfeng just yrði sjálfsagt að starfrækja stóru verksmiðjuna að Raufarhöfn. Sérstök nefnd, sem skipuð hefur verið skv. nýju lögum um loðnulandarir vinnur nái af kappi að könnun og tillögu gerð um skipan þessara málá og er búið við skyrslu nefndarinnar nái þegar um helgina.

## Bátnir, hafnirnar, frystihúsin og vetrarvertiðin

Óg enn stærra vandamál er að leysa vandamál þeirra báta, sem stunda þorskeiðar að vetrarvertið, en Vestmannaeyingar hyggjast gera að unnt samtíms 75-80 báta.

Það ma teljast óhugsandi að fiskivnsla fari fram í Vestmannaeyjum, eru stærstu og afkastamestu frysthus landsins og til að reka þau þarf margt menna að vera í Vestmannaeyjum, ekki sízt konur, sem stórmum og mikilvægum þætti í hinni óflugi framleðslustarfssémi, sem verbi hefur í Vestmannaeyjum.

Það dettur engum í hug að senda konur og börn til í Vestmannaeyjum meðan gosid varir eða meðan hætt að yrði talin á, að þa brytist ut að nýju, þótt því línti bráðlega. Þar til viðbótar mega menn ekki horfa fram hja þeiri miklu mengun, sem orðið hefur í Vestmannaeyjum að voldum óskufallsins

## Sýnum samtaka-máttinn

Það er áreiðanlegt að þjóðin hefur þegar sér sér fyrir að óskuleikan í réttu ljósí og hún ætla að takast að við þá að þegnaskip, breki og prautseigju. Hún ætla að sigra að þeim med samstiltu átaki i anda samvinnu, bróðurþels og sattfysi. I þessari raum mun hún ekki hlusta að neitt nöldur og nagg eða úrtölur og smásmygill, sem stefnt er gegn því að þetta sam-eiginlega átak verbi sem myndarlegast. Það er miður að silk smásmygils- og úrtölurð skuli hafa heyrzt. Þer raunar ekki aðeins að sýna sliku fullkomil af-skiptaleyssi, heldur og vorkunnsemi.

Það er skynsamra manna háttur að vona hér bezt að búa sig undir hið versta, þegar silk afslöf dynja yfir. Hér góða getur ekki skáðan en rétt að vera óllu viðbúin. Þess vegna verðum við að búa okkur undir það, að nokkrir manuðir geti líðið par til í Vestmannaeyingar sinna, þótt það sé vissulega um leid heitust ósk okkara allra að Vestmannaeyingar geti sniðið heim sem fyrst og byggð að dafna og blómgað í Vestmannaeyjum að nýju fyrir dugnад þeirra og framtíkssemi.

— TK

# Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn  
Frakvæmdastjóri: Kristinn Finnbogason. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinnsson (abm.), Jón Helgason, Tómas Karlsson, Andrés Kristjánsson (ritstjóri Sunnudagsblads Timáns). Auglysingastjóri: Steingrímur Gíslason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsinum við Lindargöt, símar 18300-18306. Skrifstofur í Bankastræti 7 — afgreiðslusími 12323 — auglysingsásumi 1952. Áðrar skrifstofur: sími 18300. Askriftargjald 225 krónur á mánuði innan lands, í lausasölu 15 krónur ein-takið. Bladaprent h.f.

## Þetta er vissulega mál þjóðarinnar allrar

Forseti Íslands flutti þjóðinni ágætt ávarp i hádegisutvarpi á þriðjudaginn var, eða fáum klukkustundum eftir að eldgosið hófst í Vestmannaeyjum. Það sýndi sig þá, að gott er að eiga á örlagastundum sérstakan fulltrúa þjóðarinnar, sem getur talað málí hennar allrar. Forseti Íslands gerði þetta þá, — en hann mælti m.a. a þessu leið:

„Þetta áfall er mikil fyrir Vestmannaeyinga og fyrir þjóðina alla, og er þó enn hulið hversu mikil það áfall kann að verða. En ég vænti þess, að það sé þegar komið á daginn, að allar hendur séu útréttar til þess að bjarga því sem bjargað verður. Þetta er vissulega mál þjóðarinnar allrar, það mun Vestmannaeyingum vera óhætt að treysta á. Það þarf minna en þessi ósköp til að íslendingar finni, að þessi fámenna þjóð er likust stórrí fjölskyldu, sem veit, að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla. Nú má enn vona, að sú mildi verði með, að eldurinn hlifi Vestmannaeyjakaupstað og höfninni þar, sem er skilyrði mannlifs í Eyjum og um leið ein af lifðendum þjóðarinnar. Um þetta er á einskis manns færi að spá. Hver veit nema Vestmannaeyingar verði aftur kommir til heimila sinna áður en langar stundir liða. Þá væri vel, en ekki dugir annað á þessu stigi málss, en að vera við öllu búinum, þótt hið beztu sé vonað. Og þangað til sárin eru gróin, hver sem verða kunna, er það landsmanna allra að leggja fram liðsinni sitt, í hvaða mynd sem að gagni má koma, hvers eftir sinni getu“.

Areiðanlega eru þessi orð forseta Íslands sögð i afnafni allrar þjóðarinnar. Sá maður mun ekki finnanlegur, sem ekki er fús til að gera þau að sinum. En hitt er svo annað mál, að oft eru menn ekki eins fúsir til að láta verkin tala. Þetta mál er svo stórt og óvenjulegt. Þess vegna skorast vonandi enginn undan því, að leggja sitt fram til að léttá Vestmannaeyingum hinum þungu byrðar, sem náttúruhamfarirnar hafa lagt að þá. Nógar eru raunir þessa fólks, þótt ekki bætist við, að sjálfsögð aðstoð við það verði talin eftir eða gerð að deiluefni.

## Tillaga Keflvíkinga

Athyglisverð er sú einróma ályktun bæjarstjórnar Keflavíkur, að fara þess á leit við varnarmáladeild utanrikisráðuneytisins, að hún hlutist til um, að húsnæði það i Keflavík, sem bandariskir hermenn hafa á leigu, verði rýmt ef þörf krefur fyrir Vestmannaeyinga. Hér mun ekki um færri en 200 ibúðir að ræða og gæti þetta leyst verulega þann vanda, sem hér er fengizt við. Auk þess má gera ráð fyrir, að næg atvinna geti fengizt fyrir þá Vestmannaeyinga, sem setjast að i Keflavík, við útgerð og fiskvinnslu.

Fyrir varnarliðsmenn mun tiltölulega auðvelt að leysa þennan vanda, því að fjölskyldur þeirra eiga flestar eða allar greiðan aðgang að húsnæði í heimalandi sinu. Telja má því vist, að Bandaríkjamein taki þessari málaleitan af skilningi og um þetta geti náð fullt samkomulag milli íslenzkra og bandariskra aðila.

B.P.

## ERLENT YFIRLIT

# Nýja kalda stríðið er milli kommúnistaríkja

Sambúð Sovétríkjanna og Kína fer stöðugt versnandi

SAMNINGARNIR um vopnahlé i Vietnam munu vafalaust stuðla að því, að afram dragi úr kalda stríðinu milli austurs og vesturs í alþjóðamálum, þ.e. milli lýðræðisríkja Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu annars vegar og kommúnistaríkjanna hins vegar. Raunar má segja, að kalda stríðið hafi verið að fjara út síðustu árin, þrátt fyrir styrjöldina í Vietnam. Það hefur dregið mikil úr áróðurs-hernaðinum milli umræddra aðila, a.m.k. í samanburbi við það, sem áður var, og margvisleg samskipti hafa aukizt á svíði verzunar, samgangna og menningarmála. Vopnahlé i Vietnam mun yta undir þessa þróun og bendir nú flest til, að kalda stríðið milli austurs og vesturs hverfi alveg úr sögunni í þeiri mynd, sem það var fyrstu tvö áratugina eftir síðari heimsstyrjöldina.

Hins vegar er ekki rétt að búast við því, að átökum milli lýðræðis og kommúnisma sé með því líbin undir lok. Þau átök munu að sjálfsögðu haldast áfram, en með örðum og fríðsamlegri hætti.

EN ÞÓTT kalda stríðinu milli austurs og vesturs linni, virðast ekki likur til þess, að svokallað kalt stríð sé ór sögnum. Þvert á móti er nýtt kalt stríð hafíð og það getur vel orðið harðara og lengra en hið fyrra var. Hér er um að ræða kalda stríðið milli hinna tveggja kommúnistísku stórveldu, Sovétríkjanna og Kína. Segja má, að það hafi hafizt, þegar til ósamkomulags dró milli Krustjóffs og Maos, og átti það vafalaust sinn þátt í falli Krustjófss. En eftirmönnum hans tokst ekki betur en honum að nái samkomulagi við Kinverja. Deilin hélt ekki að eins áfram, heldur harðnæði. Orsók hennar var og er mest sú, að bæði sækjast þessi ríki eftir afalforurstunum og þar rekast hagsmunir þeirra á. Hvorugt þeirra vill viðurkenna þetta opinberlega og bera því hvort örðu á brýn ýmsar vilukkanningar og undirlægjúhatt við vestrænu ríkin, einkum þó Bandaríkin.

BETTA kalda stríð milli stórveldu kommúnista hefur magnazi um allan helming síðan Kinverjar gerðust aðilar að Sameinuðu þjóðunum og hófu að nýju fulla þátttöku í alþjóðlegum samfari. Þeir hafa notað flest tækifari til að deila á Sovétríkin og stefnu þeirra og talið þau engu minna heimsvaldasinnun en sjálf Bandaríkin. Þeir hafa tekið til flestum tillögum Rússu, t.d. varðandi alþjóðamál og talið þær fáa eitt. Russar hafa fram til þessa verið frekar í varnarstöðu, en eru nú bersýnilega að hefja gagnsókn. Það kom ekki sít í ljós í hinni löngu yfirlitssöðum, sem Bresneff flutti í tilefni af 50 ára afmæli Sovétríkjanna. Hann eydi þá alllöngu málí til að deila á Kinverja. Hann taldi þá hafa tekiblá í allum tillögum Rússu til bætrar sambúðar milli landanna og þeir gerðu flest, sem þeir gætu til að spilla fyrir Rússum og ófrægja þá. Þessum málflutningi Bresneffs hafa rússnesk blöð haldið afram síðan, og m.a. gagnrygt Kinverja fyrir að gera gælur við Efnahandsbandalag Evrópu, og spá illa fyrir væntanlegri óryggisráð-



Mað veldur Rússum vaxandi áhyggjum.

stefnu Evrópuríkja. Kinverjar hafa svo svarað í svipaðri mynd og talit fríðarbolat Sovétríkanna fals eitt og viðleitni til að leyna yfirfotnunaráformum.

Margt bendir til, að fríður i Vietnam muni síður en svo draga úr deilum Sovétríkjanna og Kína, þvert á móti getur hann orðið til þess að auka þar, þar sem bæði Rússar og Kinverjar stefna að því, að tryggja sér hollustu kommúnistaleitögumanna í Vietnam, en þeir bykja liklegir til að fá óll völd þar innan tíðar. Vel má vera að kommúnismi í Vietnam takist að nota sér þetta til þess að hafa bæði Rússu og Kinverja góða með því að snúast ekki af mikil að sveif með örðum hvorum.

EINS OG áður segir, stafar kalda stríðið milli stórveldu kommúnista örðu fremur af því, að bæði sækjast eftir að vera að alþorlururíki kommúnismans í heimínum. En við þetta bætist svo andstæðir hagsmunir að mórgum svíðum. Kinverjar telja Rússu ráða ranglega yfir miklu af kinversku landi, en þó hafa þeir ekki borið fram formlegar landakrör. Hins vegar hefur ekkert miðað viðræðum, sem hafnar voru að frumkvæði Rússu fyrir nokkrum árum, um að ákveða endanlega með samningum landamári ríkjan. Rússar óttast, að Kinverjar geti stuðlað að undirðróri meðal hinna fjölmörgu þjóðflokkja sem byggja Asiuhluta Sovétríkjanna, og þora því ekki annað en að vera við öllu búinum par. Þess vegna hafa þeir mikinn her og annan hernaðarlegan viðbúnad nálegt kinversku landamárunum.


um. Leiðotgar Kinverja telja þetta hins vegar ógnun við Kína og auka því kappsamlegar varnir sínar við landamárin.

Þá dregrst vitanlega inn í þetta deilan um forstuna í Asíu. Kinverjar telja, að Rússar yti undir andspyrnu Indverja og fleiri Asíubjóða gegn sér. Af þeiri ástæðu stýðja þeir stjórnina í Pakistán og neita að viðurkenna stjórnina í Bangladesh. Rússar óttast hins vegar, að Kinverjar reyni að fylkja Asíuríkjum gegn sér og yfirráðum þeir yfir löndum austan Úraljalla. Þannig rekast að rauverulegir og imyndaríðir hagsmunir Kinverja og Rússu að fjölmörgum svíðum.

Það sýnir bezt, að grunnt er að því góða meðal þessara kommúnistísku nábu, að íðulega kemur til hernaðarlegra átaka við landamerín. Slóðstu átökum urðu 25. nóv. í Dzungarskarði, sem er milli sovězka lýðveldisins Kazakhstan og kinverska fylkisins Sinkiang. Samkvæmt frásögn Rússu fór þá hópur Kinverja yfir landamárin. Fimm rússneskir hermenn félju og margin fjárhíðar, áður en Kinverjar voru hraktrit til baka.

Af slikeum minniháttar árekstrum væri viðsulega rangt að draga þá ályktun, að styrjöld milli Sovétríkjanna og Kína sé yfirvafandi. Hins vegar bendir flest til þess, að kalda stríðið milli þeirra munu aukast og harðna að næstu misserum. Með því er fallin í rüst su kenning, sem kommúnistar hafa notað mikil áður fyrir, að kommúnistisk yfirráð myndu örugglega tryggja fríðvænlega sambúð milli þjóða.

B.P.



Sveinn Jakobsson handleikur blágrýtið sýni, sem tekin voru neðan-sjávar úr Kolbeinseyjarhryggnum í haust.

„Áðalbaráttumál okkar, sem hér stórfum, er ný bygging fyrir Náttúrugripasafn“, sagði Sveinn Jakobsson, jarðfræðingur og nýverandi forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, í viðtali við Tíminn nylega. „Arið 1965 var nafni Náttúrugripasafnsins, sem stofnað var 1889, breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands, en eftir sem áður er eitt meginhlutverk hennar að koma upp synings-arsafni og halda því við.“

Það er hreint og beint hneyksli, að stofnunin skuli aðeins hafa 100 fermetra synings-arsal í skrifstofuhúsnæði undir safn, sem á þó að heita ríkisnáttúrugripasafn Íslands og er auk þess eina náttúrugripasafnið að höfuðborgarsvæðinu, ekkí silt þar sem byggingamálin hafa verið til umræðu í áratugi. Fyrsta byggingarnefnd safnsins var sett 1942, og þótt nú séu líbin 30 ár, sítur allt í sama farinu.

#### Allir sammála, samt gerist ekkert.

Til þess að koma þessu mál að rekspöl þyrti nyja byggingu með sýningarsalum, vinnustofnum sérfræðinga og geymslum fyrir náttúrugripi. Hún ætti helzt að vera á háskólastóðinni, enda yrði safnið örðum þráði rannsóknastofnun. Gamalt lofðor er fyrir hendi frá Háskólanum um löð par.

Got náttúrugripasafn er mikilvægt bæði fyrir almenningu og skóla, en ef því er vel fyrir komið kemur það að miklu gagni við náttúrufræðikennslu. Þá er þess að gæta, að tóluverður fjöldi erlendra ferðamanna, sem hingað koma, hafa fyrst og fremst aðhuga á naturu landsins. Fyrir þá gegn ir náttúrugripasafn mikilvægu hlutverki.

Allir virðast sammála um nauðsyn nýs náttúrugripasafnhús, en því miður virðist samt ekkert hafa gerzt í málum langa hrif.

#### Fyrirsprungur tóðari en áður.

„Hvað er annars um starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands að segja um þessar mundir?“

„Hun er örðum þráði rannsóknastofnun, og vinna hér að jafnaði um 10 manns, sérfræðingar og aðstoðarfólk auk summar-manna. Stofnunin er einnig þjónustufyrirtæki gagnvart almennungi, og í vöxt fer, að folk komi hingað með ýmsa náttúrugripi til greiningar. Reynum við

eftir megni að sinna þessum fyrirsprungum endurgjaldslauð.

#### 500-600hraun.

Hvað sjálfan mig snertir hef ég undanfaríð verið að rannsaka bergfræði og efnasamsetningu hrauna á Íslandi og athuga útbreiðslu hinna ýmsu hraunategunda. Flest nútímahraun á Íslandi eru blágrýtið hraun, en blágrýtið má aftur flokka niður í ymsar tegundir. Þær hafa ákvæði dреininga á gosbelum landsins, en með því að athuga hana, má draga ýmsar alýktanir um uppruna þeirra, t.d. að hve miklu dýpi hraunkvíkan hefur myndast, og um eldísastand og samsetningu jarðskorpu og móttuls, þar sem pessi kvíka er upprunnin.


arskipið „Lynch“ hefur í samráði við okkur tekið botnsýni á Reykjaneshrygg, neðansjávarhryggnum suðvestur af Reykjanesi, og eins á neðansjávarhryggnum norður af Kolbeinsey, sem nú er farið að kalla Kolbeinseyjarhrygg, en þeit tilheyrar báðir Miðatlantshafshryggnum svonenda.

Sýnin, sem upp hafa komið, gefi ótvíraett til kynna, að neðansjávargos eru til að þessum hryggjum, en ekki að neinum marki utan þeirra. Renna þau stöðum undir landreks- eða botnskrískenningu, en samkvæmt henni eru meginlöndin og hafsbottnar uthafanna á hreyfingu, þannig að talir er, að Norður- og Suður-Amerika séu að glíðna frá Evrópu og Afriku um Miðatlantshafssprunguna, en nýtt land myndast við eildgos á sprungunni, samanber Island.

Gos eru sennilega ekki jafntið hvar sem er á sprungunni. T.d. þegar athugað er magn gosefna, sem hafa komið upp síðustu 10.000 árin á Íslandi, kemur í ljós, að til-tölulega mest hefur myndast um miðbik landsins, en minna þegar nær dregur ströndum. Þetta gæti bent til þess, að ástæðan fyrir því, að Island reis upp fyrir sjávarmál, hafi einfaldlega verið sú, að meira magn gosefna myndist á þessum hluta Miðatlantshafshryggjárins en annars stadar að honum.

#### Myndun móbergs i Surtsey.


Það hef ég einnig verið að rannsaka myndun móbergs í Surtsey.



Rúðustriðaði hlutinn á þessu korti sýnir móbergssvæðið í Surtsey.

Skömmu eftir að Surtseyjargosin hófust, fóru jarðfræðingar að gera sér ljóst, að þau myndu að likindum vera sambærileg þeim

gosum undir jöklum, sem mynduðu hin vilðattumiku móbergssvæði á landinu. Nákvæm rannsókn á gangi gossins og gosefnum í



Botnsýni úr neðansjávarhryggnum norðan Kolbeinseyjar, sem vísindamenn á rannsóknaskipinu „Lynch“ tóku.




# „ALLT MITT LÍF LIGGUR Í GRJÓTI OG BÓKUM ÚTI Í VESTMANNAEYJUM“

— segir Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem flúði heimkynni sitt vanheill maður og fáklæddur á báti fyrstu skelfingarnóttina

— Allt mitt líf liggur í grjóti og bókum úti í Vestmannaeyjum, sagði Sveinn Guðmundsson forstjóri við Tímann i gær. Lifs sjálfssins blaktað á skari — ég hef verið sjúklingur undanfarin, bæði vegna sjúkdóms og syss, og svo kom þessi nót reiðarslaganna, þegar við flúðum eins og við stóðum og höfðum ekkert meðferðis nema fótin, sem við vorum í, og þó ónog — já eiginlega vorum við anzi fatafá. Mér varð kall á bátnum á leiðinni til þorlakshafnar, og ég hef ekkert getað athafst síðan, enda litlu sem kleift er að gera.

Sá maður, sem svo talar, Sveinn Guðmundsson fyrverandi bæjarfulltrúi í Eyjum og forstjóri útibú Afengisverzlunarinnar, aliklega fullkomnasta, fjölbreyttasta og verðmætasta



Einn af skápum þeim, sem Sveinn geymir steinasfn sitt í. I pessum skáp eru m.a. Kalcedon — Aragonit — Bergkristall — Zeolitar, ýmis afbrigði.

steinasfn á landinu, og eitt bezta bókasafn í Vestmannaeyjum. Hús hans heitir Arnarstapi og er við Fjölugötu, beint niður af Helgafelli meðal hinna eftir húsa. Þar býður allt, sem hann mestu umnunni sýndi, utan fjölskyldunnar og daglegs verkahringar í lífinu, þegar við flúðum eins og við stóðum og höfðum ekkert meðferðis nema fótin, sem við vorum í, og þó ónog — já eiginlega vorum við anzi fatafá. Mér varð kall á bátnum á leiðinni til þorlakshafnar, og ég hef ekkert getað athafst síðan, enda litlu sem kleift er að gera.

— Ég hef aldrei kunnad með peninga að fara, heldur Sveinn áfram, en það hefur ekki komið að sök, því að við höfum samt

sem ábur haft nóg fyrir okkur liggja. Grjót og bækur — það var áráttá min. Ég byrjaði steinasfnunina árið 1932 svo að þetta eru orðin fjrætu ár, sem ég hef verið að tina saman steinana mina, og ég hef farið snuddandi og snubrandi um alt land, nema Strandirnar átti ég eftir. Bil hef ekki haft til umræða — alltaf treyst á fæturna. A þeim hef ég prammað um fjöll og dali og borðið það til byggða á bakinu, er ég hreppti að verkalaunum.

— Óg það væri vanþakklæti að segja annað en mér yrði vel ágengt, þó að mér miðaði hagt áfram. Ég varð fyrstur til þess að sækja steinasfnun af svona kappi, og þá var margt falllegt að finna á stóðum, þar sem allt er nái uppurð og ekki sest framar neitt, sem feigur er i.

— Jú, ekki er því að neita — menn hafa gefið þessu steinasfnini minu hýrt auga, heldur Sveinn áfram, og síðast í fyrra voru fólar lagðar á sumt að því að forradamónnum náttúrugrapsafnsins her. En þeir vildu fá að velja úr hjá mér, og það vildi ég ekki láta gera. Ég hafði hugsað mér að þessu steinasfnini minu yrði haldid saman, og það hafa börnin mfn verið mér sammála um, og eiginlega hafþi ég hugsað mér að láta Vestmannaeyjar njóta þess, þó að ég sé Austfirðingur og þar eystra, þar sem landið er einna auðugast af fórum steinum, kvíknáði fyrst sú unun, er ég hef haft af steinarkinu. Vestmannaeyjar eiga orðið svo mikil ítök í mér eftir langa veru þar.

En eins og stendur er vist tömt mál að tala um það, hváð um steinana mina verður. Það er enginn leukur að flytja neitt frá Eyjum nú, og steinarnir margir hverjir, eins og til dæmis zeolítarnir, eru vandflutrir. Það var rétt með herkjum, að börnin

Sveinn Guðmundsson, sem safnað hefur steinum og bókum um marga tugi ára.

min, Garðar og Asdis, fengu að skreppa til Vestmannaeyja til þess að sækja heilsynlegasta fatnæð og lausamuni.

Ég hef samt orðið þess var, að fleiri hugsa til safnsins mins en ég og minir. Það hringsdi einhver professorann til háskólanum til sonar míns til þess að tala við hann um þá, og Olafur Guðmundsson, útbústjóri í Stykkishólmum, hefur líka haft tal af mér.

En hváð verður um framkvæmdir vei ég ekki, eða hvænær hægt verður eithvað að gera. Ég vildi þó láta smíða hentuga kassa til þess að flytja það i, sem viðkvæmst er, en ég veit bara ekki hvor er á að bera niður eða hver vill hlaupa undir bagga með mér.

Sveinn talar lágum rómi um steinana sina, og hann sér vafalaust fyrir sér hilluraðirnar

heima í Arnarstapa við Fjölgötum, þar sem öllu hefur verið skipað eftir tegundum og afbrigðum. Hann hefur verið að skrá safn, og þá voru þúsund steinar, sem komnar voru að skrá.


Svo vikjum við að bókunum.

— Þetta eru nokkrar þúsund bóka í gyltu bandi, svona þríjú þúsund, segir Sveinn — allt góðar bækur og sumar harla dýrar og fágætar. Svo á ég heilmikið óbundið, þar að meðal timarit. Ég veit ekki, hvort þetta er mesta, eða beztu bókasafn í Eyjum — vellilegt, að þeir eigi eins mikil og meira, Haraldur Guðnason bókvörður og Freyjóður Þorsteinsson bæjarføgtei. Ég held ég geti þó með sanni sagt, að það séu góðar bækur, sem ég á.

En það verður að fara með þær eins og annað í minni eigu og minna samborgara í Vestmannaeyjum.

-JH.

## TAKIÐ UPP Thule



Sveinn Guðmundsson, sem safnað hefur steinum og bókum um marga tugi ára.

min, Garðar og Asdis, fengu að skreppa til Vestmannaeyja til þess að sækja heilsynlegasta fatnæð og lausamuni.

Ég hef samt orðið þess var, að fleiri hugsa til safnsins mins en ég og minir. Það hringsdi einhver professorann til háskólanum til sonar míns til þess að tala við hann um þá, og Olafur Guðmundsson, útbústjóri í Stykkishólmum, hefur líka haft tal af mér.

En hváð verður um framkvæmdir

vei ég ekki, eða hvænær hægt verður eithvað að gera. Ég vildi þó láta smíða hentuga kassa til þess að flytja það i, sem viðkvæmst er, en ég veit bara ekki hvor er á að bera niður eða hver vill hlaupa undir bagga með mér.

Sveinn talar lágum rómi um steinana sina, og hann sér vafalaust fyrir sér hilluraðirnar



## TILBOD

Óskast í eftirtaldar bifreiðar, er verða til sýnis þriðjudaginn 30. janúar 1973, kl. 1-4 í porti bak við skrifstofu vora Borgartúni 7:

	árg. 1970
Volkswagen 1600 fólkbsbfreið	" 1967
Volkswagen 1500	" 1967
Consul Cortina	" 1965
Opel Admiral	" 1966
Volvo station	" 1963
Volvo station	" 1965
Volvo station	" 1965
Land Rover diesel	" 1968
Land Rover diesel	" 1964
Land Rover benzin	" 1962
Land Rover benzin lengri gerð	" 1966
Gaz 69 jeepi	" 1967
Willys jeepster	" 1967
Ford Club Wagon	" 1967
Volvo Laplander	" 1965
Volvo Laplander	" 1965
Ford Transit Sendiferðabifreið	" 1967
Ford Transit	" 1968
Ford Transit	" 1968
Volkswagen	" 1965
Renault R-4	" 1968
Scania Vabis vörubifreið	" 1965
Volvo vörubifreið með framdrifi og krama	" 1959
Volvo vörubifreið með framdrifi og krama	" 1962
Mótorhjól	

Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 5.00 að viðstöðnum bjöðendum. Réttur áskilinn til að hafna tilboðum, sem ekki teljast viðunandi.

INNKAPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844

# Verður bandarískum liðhlaupum veitt uppgjöf saka

NTB—Washington.

Bótt fríður komist á í Vietnam fylgir ekki þar með, að þær þúsundir ungra Bandaríkjamanna, sem flúð hafa land til að komast hjá herþjónustu, geti nú snúið heim. Nixon forseti sagði berum orðum í kosningabártáunni í haust, að hann veri því ekki hlynntur, að liðhlaupum væru gefnar upp sakir. Tillögur hafa komið fram í þinginu að veita þessum mönnum uppgjöf saka að stríði loknu, en eins og er, vorir dómur yfir höfðum þeirra, snúi þeir heim.

Nákvæmar tölur eru ekki til um hve margir Bandaríkjamenn hafa farið úr landi af þessum orsökum. Varnamálaráðuneytið segir 391 bandarískan liðhlaupa hafa dvalizt erlendin 1. ágúst s.l. Samtök fríðarsinna í Kanada telja, að yfir 60.000 Bandaríkjamenn hafi annað hvort komið hjá herskráningu eða flúð land. Mörg hundruð þeirra síðarnefndu eru í Svíþjóð.

32.557 liðhlaupar leika lausum hala samkvæmt upplýsingum Varnamálaráðuneytisins. 423.422 gerðust liðhlaupar, en 390.865 snerist hugur. 24% liðhlaupanna voru innflytjendur, sem sneru aftur til fóðurlanda sínum fremur en að fara í bandarísku herinn.

## Myndarleg gjöf til dvalar heimilis- sjóðs

AA—Hófn  
Hjónin Ljótunn Jónsdóttir og Benedikt Þórarinsson ferðu dvalarheimilissjóði Hafnar 100.000 krónur að gjöf nū fyrir skómmu. Hreppsnefnd Hafnarhrepps veitti gjötinni viðtökum og pakkar hið rausnarlega framlag hjónanna.

# RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Húsnaðiskönnun vegna  
Vestmannaeyinga

**A** Eg býð hér með neðangreint húsnæði til afnota

Nafnúmer

Nafn \_\_\_\_\_

**B** Húsnæðið er staðsett

□ A sama stað og heimili mitt

Heimilisfang \_\_\_\_\_

Annars staðar — Heimilisfang \_\_\_\_\_

Heimasími \_\_\_\_\_ Vinnusími \_\_\_\_\_

**C** Upplýsingar um húsnæðið sem í boði er:

**I. STÆRD**

Aætlaður  
fermetrafjöldi er \_\_\_\_\_

- |                                  |   |   |
|----------------------------------|---|---|
| <input type="checkbox"/> 1 herb. | Auk þess:                                 | <input type="checkbox"/> I góðu lagi                          |
| <input type="checkbox"/> 2 herb. | <input type="checkbox"/> Eldhús           | <input type="checkbox"/> I sæmil. lagi                        |
| <input type="checkbox"/> 3 herb. | <input type="checkbox"/> Aðg. að eldhúsi  | <input type="checkbox"/> Þarf að lagfæra<br>fyrir ca. kr..... |
| <input type="checkbox"/> 4 herb. | <input type="checkbox"/> Baðherb.         | <input type="checkbox"/> Hús í byggingu                       |
| <input type="checkbox"/> 5 herb. | <input type="checkbox"/> Aðg. að baðherb. | _____   |
| Fleiri                           | Staðsetning í húsi                        | _____   |

**2. ASTAND HÚSNÆDIS**

- I góðu lagi  
 I sæmil. lagi

**3. TÍMI**

- Vestmannaeyingur/ar  
er þegar í því  
húsnæði sem um ræðir  
 Já  Nei  
 Húsnæði laust strax  
Laust ca.  
dagsetn. \_\_\_\_\_

Afnotatími?

**4. ANNAD**  
(t.d. leigukjör)

Vinsamlegast krossið við  
þau atriði sem við á

Vinsamlega póstsendið  
með utanáskriftinni

**RAUÐI KROSS ÍSLANDS**  
Öldugötu 4, Reykjavík

## Þörfin á húsnæði er brýn

Þó öll þjóðin trúi því og voni, að Vestmannaeyingum verði kleift að snúa aftur til heimabugðar sinnar, þá er ljóst, að að því getur ekki orðið meðan byggð er í hætu á Heimaey. Þengab til stendur porri Vestmannaeyinga frammi fyrir alvarlegum húsnæðisvanda.

Þennan vanda þarf þjóðin að sameinast um að leysa, á þann hátt að til komi sem minnst róskun á daglegu lífi.

Það athvarf sem Vestmannaeyingar áttu hjá vinum og vanda-mönnum, nötina sem hamfarinnar dundu yfir, er í flestum tilfellum

um þess eðlis, að um gistingu er ekki að ræða nema skamma hríð. Það er yfir brýn nauðsyn að útvega Vestmannaeyingum húsnæði til búsetu þar sem hægt er að koma að eðlilegum fjölskyldu- og heimilislifi.

Nefnd á vegum Rauða kross

lands og Vestmannaeyjakaupstaðar er að setja að stáb gagnagöra könnun á húsnæðismöguleikum, sem leyst gætu vandræð Vestmannaeyinga til nokkurrar frambúdar. Í því skyni hefur verið sett á fót í skrifstofu Rauða kross Islands skráningarmiðstöð fyrir alt það húsnæði sem kostur er á, í nokkurn tíma, í því sam-bandi skal bent á, að þeir, sem nú þegar hysa Vestmannaeyinga, og hafa aðstöðu til þess að gera þáð áfram, eru vinsamlega bebnir að hafa samband við skráningarmiðstöðina.

Líbur í peirri könnun sem hér um ræðir, er eyðublað það, sem birt er hér með, þar sem menn geta tilkynnt húsnæði, sem þeir hafa til ráðstöfunar. Það skal teknið fram, að allar upplýsingar eru vel þegnar, og þó um sé að ræða húsnæði, sem ef til vill er ekki í íbúðarhefu ástandi eins og er, en hægt væri að gera í stand með lítlum tilkostnaði.

Bæjar- og sveitarfélög um land ailt munu taka þátt í þessari könnun, þannig að fólk er bent á að hafa samband við viðkomandi bæjar- og sveitarfélög.

Allar frekari upplýsingar og aðstoð við útfyllingu á meðfylgjandi eyðublaði eru veittar hjá Rauða krossi Islands, Öldugötu 4, í sínum 25543 og 14658.

Í framkvæmdaneftir könnunarinnar eru Gisli B. Björnsson teiknari, Johann Fridfinnsson kaupmábur, Vestmannaeyjum, Otto Michelsen forstjóri IBM, Þórhallur Halldórsson framkvæmdastjóri heilbrigðiseitrlitsins í Reykjavík, Valdimar Óskarsson framkvæmdastjóri Fasteignamats ríkisins og Eggert Asgeirsson frá RKI.

**FRÁ  
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS**

## TILKYNNING TIL VESTMANNAEYINGA



Umboðsmaður ykkar hefur aðsetur  
í aðalumboðinu  
Tjarnargötu 4, sími 25665

Góðfúslega hafið samband við hann  
við fyrsta hentugleika.  
Þar verða greiddir vinningar  
og þar fer endurnýjun fram.

**SVEINBJÖRN HJÁLMARSSON**  
Umboðsmaður Happdrættis Háskóla Íslands

Timinn er  
peningar  
Auglýsing  
í Timanum